

86 eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn sama banka veitist heimild til að greiða Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórn sama banka verði heimilað að greiða Sigurði Bjarklind 3000 kr. og Sigríði Johnson, ekkju Karls Johnsonar bókara, 1250 kr. í eitt skipti fyrir öll.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Fiskifélags Íslands veitist heimild til að greiða Kristjáni Bergssyni, fyrrverandi forseta félagsins, 3000 kr. eftirlaun árið 1942.

Stjórninni er heimilt að greiða Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjalms Þorsteinsonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1941 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-mælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1942 til ársloka 1943.

Þetta viðbótarinnflutningsgjald er undanþegið ákvæðum 8. gr. fyrrnefndra laga. Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. málsg. þessarar greinar.

2. gr.

87

Deim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{4}{5}$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en $\frac{1}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árunum 1942 og 1943, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem $\frac{4}{5}$ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

88

um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma
og heimild til samþykktu um fjárskipti.

9. júlí

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um varnarlinur.

1. gr.

Skipta skal öllu landinu í sóttvarnarsvæði með fjárheldum girðingum, þar sem þess gerist þörf, til varnar gegn fjársamgöngum og útbreiðslu næmra búfjársjúkdóma milli héraða eða landshluta.

Girðingar þessar skulu enn fremur lagðar með hliðsjón af heppilegum ráðstöfunum til útrýmingar búfjársjúkdómum, ef til kemur. Varnarlinurnar afmarka sóttvarnarsvæðin.

2. gr.

Varnarlinur skulu vera þessar:

1. Við Þjórsá.
2. Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið.
3. Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herðisarvíkur.
4. Frá Hvalfirði í Langjökul.
5. Við Hvítá í Borgarfirði upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlinu nr. 11.